

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

EES/2008/68/12

frá 11. júlí 2005

um samræmda notkun tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 5 GHz vegna innleiðingar á þráðlausum aðgangskerfum, þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 2467)

(2005/513/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/203/EB frá 20. mars 2003 um að samhæfa framboð á almennum, þráðlausum staðarnetsaðgangi að almennum, rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu í Bandalaginu ⁽²⁾ var lagt til að aðildarríkin leyfi veitingu aðgangs almennra þráðlausra staðarneta að almennum fjarskiptanetum og -þjónustu á tiltæka tíðnisviðinu 5 GHz.
- 2) Einnig var talið að frekari samhæfing, einkum á tíðnisviðinu 5 GHz væri nauðsynleg innan ramma ákvörðunar nr. 676/2002/EB til að tryggja að tíðnisviðið sé tiltækt fyrir þráðlaust staðarnet (R-LAN) í öllum aðildarríkjum og til að draga úr vaxandi yfirálagi á tíðnisviðinu 2,4 GHz sem ætlað er fyrir þráðlaust staðarnet (R-LAN) með ákvörðun Evrópunefndar um þráðlaus fjarskipti (01)07 ⁽³⁾.
- 3) Á heimsráðstefnu Alþjóðafjarskiptasambandsins um þráðlaus fjarskipti árið 2003 (WRC-03) var viðeigandi hlutur tíðnisviðsins 5 GHz úthlutað til farstöðvaþjónustunnar að undanskildri farstöðvaþjónustu fyrir flug, til forgangsþjónustu á öllum þremur svæðum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) að teknu tilliti til þarfarinnar að vernda aðra grunnþjónustu á þessum tíðnisviðum.

- 4) Heimsráðstefnan um þráðlaus fjarskipti árið 2003 (WRC-03) samþykkti ályktun Alþjóðafjarskiptasambandsins á sviði þráðlausra fjarskipta (ITU-R) nr. 229 um „Notkun farstöðvaþjónustu á tíðnisviðunum 5 150-5 250, 5 250-5 350 MHz og 5 470- 5 725 MHz vegna innleiðingar á þráðlausum aðgangskerfum, þ.m.t. þráðlaus staðarnet“ sem var hvatning fyrir frekari samhæfingu Evrópu til að leyfa hraðari innleiðingu á þráðlausum staðarnetum í Evrópusambandinu.

- 5) Með slíka samhæfingu í huga gaf nefnd Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) út umboð ⁽⁴⁾ 23. desember 2003, skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar 676/2002/EB, til þess að samhæfa tíðniróf á tíðnisviðinu 5 GHz fyrir þráðlaus staðarnet.

- 6) Umboð þetta hefur leitt til þess að Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) hafa, fyrir tilstilli nefndarinnar um rafræn fjarskipti (ECC) sem starfar á þeirra vegum, skilgreint í skýrslu sinni, ⁽⁵⁾ frá 12. nóvember 2004 og í ákvörðun sinni ECC/DEC(04)08 frá 12. nóvember 2004, sértæk tæknileg og rekstrarleg skilyrði fyrir notkun á sértækum tíðnibilum á tíðnisviðinu 5 GHz sem eru viðunandi fyrir framkvæmdastjórnina og nefndina um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar og skulu látnar gilda í Bandalaginu til að tryggja þróun á þráðlausu aðgangsneti og/eða þráðlausu staðarneti (WAS/RLAN) á samræmdum grundvelli í Bandalaginu.

- 7) Búnaður fyrir þráðlausan aðgang þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) verður að uppfylla kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ⁽⁶⁾. Í grein 3.2 þeirrar tilskipunar er framleiðandanum gert skylt að tryggja að búnaðurinn valdi ekki skaðlegum truflunum fyrir aðra notendur tíðnirófsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 187, 19.7.2005, bls. 22. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, 7.9.2006, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 78, 25.3.2003, bls. 12.

⁽³⁾ Ákvörðun Evrópunefndar um fjarskipti (ERC) (01)07 frá 12. mars 2001 um samræmda tíðni, tæknilega eiginleika og undanþágu frá einstökum leyfum fyrir of skammdrægan búnað sem notaður er fyrir þráðlaus staðarnet (RLAN) sem starfa á tíðnisviðinu 2 400-2 483,5 MHz.

⁽⁴⁾ Umboð til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) til að samræma tækni- og sérstaklega rekstrarskiðrði sem miða að skilvirka notkun tíðnirófsins af þráðlausum staðarnetum á tíðninni 5 150-5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz.

⁽⁵⁾ Svar Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) við umboði Evrópubandalagsins að samræma tækni- og sérstaklega rekstrarskiðrði sem miða að skilvirka notkun tíðnirófsins af þráðlausum staðarnetum á tíðninni 5 150-5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

- 8) Í nokkrum aðildarríkjum er mikilvæg þörf fyrir rekstur ratsjáa fyrir her og veðurratsjáa á tíðnisviðinu milli 5 250 og 5 850 MHz sem krefst sérstakra verndarráðstafana gegn skaðlegum truflunum þráðlausra aðgangskerfa, þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN).
- 9) Einnig er þörf á að tilgreina viðmiðunarmörk fyrir jafngilt, jafndreift útgeislað afl og takmörkun á starfsemi, t.d. takmarkanir á notkun innanhúss fyrir þráðlaus aðgangskerfi, þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) einkum á tíðnisviðinu 5 150- 5 350 MHz til að vernda þjónustukerfi við jarðarathugunargervihnetti (virk), geimrannsóknir (virkar) og farstöðvaþjónusta fyrir þráðlausar fjarskiptaleiðir (fæðihlekki) um gervihnött)
- 10) Eins og er tilgreint í skýrslu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) er einungis mögulegt að staðsetningarákvörðunarþjónusta fyrir þráðlaus staðsetningarkerfi og þráðlaus aðgangskerfi, þ.m.t. þráðlaus staðarnet deili tíðnisviðunum 5 250-5 350 MHz með því að beita aflviðmiðunarmörkum og mildandi aðferðum til að tryggja að þráðlaus aðgangsnét, þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) trufla ekki ratsjábúnað/kerfi. Stýring á sendiafli (TPC) og virkt val á tíðnisviðum (DFS) hafa þar af leiðandi verið sett í samhæfða staðalinn EN 301 893 ⁽¹⁾ sem fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (European Telecommunications Standards Institute, ETSI) hefur þróað til að ganga megi út frá samræmi WAS/RLAN búnaðar við tilskipun 1999/5/EB. Stýring á sendiafli (TPC) í þráðlausum aðgangskerfum, þ.m.t. þráðlaus staðarnet á tíðnisviðunum 5 250-5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz myndu auðvelda samnýtingu við gervihnattaþjónustu með því að draga verulega úr samanlögðum truflunum. Með virku vali á tíðnisviði (DFS) sem samræmist kröfum um greiningu, starfshætti og svörun sem settar eru fram í I. viðauka við ITU-tilmæli 1652 ⁽²⁾ er komist hjá því að þráðlaus aðgangsnét, þ.m.t. þráðlaus staðarnet noti tíðnibil sem þegar er notað í ratsjábúnaði. Eftirlit verður með skilvirkni mildandi aðferðanna í EN 301 893 til að vernda ratsjár með fastri tíðni. Þær er háðar endurskoðun til að taka megi tillit til nýrrar þróunar sem byggist á rannsóknnum aðildarríkjanna á viðeigandi prófunaraðferðum, reglum og aðferðum við mildandi aðferðir.
- 11) Viðurkennt er á vettvangi Bandalagsins og Alþjóðafjarskiptasambandsins að þörf er á frekari rannsóknum og möguleikanum á þróun nýrra og breyttra tæknilegra/rekstrarlegra skilyrða fyrir þráðlaus aðgangskerfi, þ.m.t. þráðlaus staðarnet, en jafnframt að veita viðeigandi vörn fyrir aðra grunnþjónustu, einkum þráðlaus staðsetningarkerfi. Ennfremur er viðeigandi fyrir innlend stjórnvöld að standa fyrir mælingaherferðum og prófunum til að auðvelda samhliða tilvist mismunandi þjónustu. Tekið verður mið af slíkum rannsóknum og þróun þegar þessi ákvörðun verður endurskoðuð.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið þessarar ákvörðunar er að samhæfa skilyrði fyrir aðgengi að og skilvirkri notkun á tíðnisviði 5 150- 5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz fyrir þráðlaus aðgangskerfi þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN).

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „þráðlaus aðgangskerfi þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN)“: þráðlaus háhraðanet sem leyfa þráðlausan aðgang hugbúnaðar í eigu hins opinbera og í einkaeygn óháð undirliggjandi nethögun.
- b) „notkun innanhúss“: notkun innandyra, þ.m.t. staðir með líka eiginleika á borð við loftfar þar sem hlífir veitir að jafnaði þá deyfingu sem er nauðsynleg til að auðvelda samnýtingu við aðra þjónustu.
- c) „meðal jafngilt, jafndreift, útgeislað afl (e.i.r.p.)“: jafngilt, jafndreift, útgeislað afl meðan á sendingarhrinu sem samsvarar mesta afli stendur, sé aflstýring innleidd.

3. gr.

Aðildarríkin skulu eigi síðar en 31. október 2005 tilnefna tíðnisviðin 5 150-5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz og gera öll viðeigandi úrræði þar að lútandi til innleiðingar á þráðlausum aðgangskerfum, þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) með fyrirvara um sérkröfur sem mælt er fyrir um í 4. gr.

⁽¹⁾ EN 301 893 er samhæfur staðall, þróaður af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (European Telecommunications Standards Institute, ETSI), skrifstofa, sem ber yfirskriftina háhraða þráðlaus aðgangskerfi (Broadband Radio Access Networks, BRAN); 5 GHz hágæða þráðlaus staðarnet; samhæfð EN grunnkröfur sem eru uppfylltar gr. 3.2 tilskipunina um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta (R&TTE Directive). Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins og Evrópuþingsins 98/34/EB. Þessi samhæfði staðall er samin samkvæmt umboði sem gefið er út í samræmi við viðeigandi málsmæðferðarreglur tilskipunar ráðsins og Evrópuþingsins 98/34/EB. Unnt er að fá orðrétta texta EN 301 893 með því að snúa sér til ETSI 650 Route des Lucioles F-06921 Sophia Antipolis Cedex.

⁽²⁾ Tilmæli ITU-R M.1652 virkt val á tíðnisviðum (DFS) í þráðlausum aðgangskerfum þ.m.t. þráðlausum staðarnetum til að vernda staðsetningarákvörðunar þjónustu á 5 GHz tíðninni (Spurningar ITU-R 212/8 og ITU-R 142/9).

4. gr.

1. Á tíðnisviðinu 5 150-5 350 MHz skal notkun þráðlausra aðgangskerfa þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) vera takmörkuð við notkun innandyrna og meðal jafngilt, jafndreifðs útgeislaðs afls sem að hámarki nemur 200 mW.

Ennfremur skal hámarks meðalþéttni jafngilds, jafndreifðs útgeislaðs afls vera takmörkuð:

- a) við 0,25 mW/25 kHz á hverju 25 kHz tíðnisviði, á tíðnisviðinu 5 150-5 250 MHz og
- b) við 10 mW/MHz á hverju 1 MHz tíðnisviði á tíðnisviðinu 5 250-5 350 MHz.

2. Á tíðnisviðinu 5 470-5 725 MHz skal notkun þráðlausra aðgangskerfa þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) innandyrna og utanhúss takmarkast við meðal jafngilt, jafndreifðs útgeislaðs afls sem að hámarki nemur 1 W og meðalþéttni jafngilds, jafndreifðs útgeislaðs afls sem að hámarki nemur 50 mW/MHz á hverju 1 MHz tíðnisviði.

3. Þráðlaus aðgangskerfi þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN), sem starfa á tíðnisviðunum 5 250-5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz, skulu nota sendiaflsstýringu sem veitir að meðaltali mildandi þátt að a.m.k. 3 dB af leyfilegum hámarksafköstum kerfanna.

Ef sendiaflsstýring er ekki í notkun skal leyfilegt hámarks meðal jafngilds, jafndreifðs útgeislaðs afls og tilsvarandi fyrir tíðnisviðið 5 250-5 350 MHz og tíðnisviðið 5 470-5 725 MHz vera minnkuð um 3 dB.

4. Þráðlaus aðgangskerfi, þ.m.t. þráðlaus staðarnet, sem starfa á tíðnisviðunum 5 250-5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz, skulu nota mildandi aðferðir sem gefa a.m.k. sömu vörn og kröfur um greiningu, starfshætti og svörum sem lýst er í EN 301 893 til að sjá til þess að reksturinn sé í samræmi við staðsetningarákvörðunarkerfi. Slíkar mildandi aðferðir skulu jafna líkurnar á vali á sérstökum rásum fyrir allar tiltækar rásir til þess að tryggja að meðaltali nánast samræmda útbreiðslu álags á tíðnirófið.

5. Aðildarríkin skulu endurskoða stöðugt hvernig staðið er að mildandi aðferðum og greina framkvæmdastjórninni frá því.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. júlí 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane REDING

framkvæmdastjóri.